



Alþingi
Erindi nr. P 139/1921
komudagur 4.4.2011

Reykjavík 4. apríl 2011

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd

Varðar: Umsagnarbeiðni – 467. mál

Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011 - 2020


Umsögn frá Íslandsstofu

Íslandsstofa fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011 – 2020 og telur hana leggja góðan grunn að framtíðar uppbyggingu ferðaþjónustu hér á landi á komandi árum. Íslandsstofa hefur nýlega gert samning við iðnaðarráðuneytið um kynningar- og markaðsstarf á sviði ferðamála til næstu fimm ára. Er í þeim samningi víða tekið mið af þeim áherslum sem birtast í þingsályktuninni m.a. hvað varðar mikilvægi þess að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðarsveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið. Þá eru einnig í samningnum kynnt til sögunnar ítarleg mælanleg markmið og mælikvarðar á árangur, bæði almennir mælikvarðar og sértækir, í samræmi við þær tillögur sem koma fram í ályktuninni.

Starfsmenn Íslandsstofu fengu, í undirbúningsferli ferðamálaáætlunarinnar, ágæt tækifæri til að rýna þær tillögur sem hér eru settar fram sem þingsályktun og teljum við því ekki ástæðu til að fjölyrða um einstaka hluti hennar eða tillögur.

Með vinsemd og virðingu

Fh. Íslandsstofu


Jón Ásbergsson,
framkvæmdastjóri